

Kortavelta erlendra ferðamanna í febrúar

Minnkandi vöxtur í erlendri kortaveltu

Erlend greiðslukortavelta hér á landi nam 16,8 milljörðum króna í febrúar sem er 27,5% hærrí upphæð en í sama mánuði í fyrra. Ferðamenn í febrúar voru 47,3% fleiri en í febrúar í fyrra. Dreigið hefur úr vexti kortaveltu á hvern ferðamann og greinilegt að erlendir ferðamenn fara sparlegar með útgjöld sín en áður var. Auk gengisáhrifa, sem orsaka þessa þróun, hafa orðið verðlagshækkanir í krónum talið á gistingu, veitingaþjónustu og pakkaferðum innanlands. Þrátt fyrir minnkandi vöxt geta ferðaþjónustuaðilar enn vel við unað því umtalsverð aukning er í erlendri kortaveltu þegar á heildina er litið.

Ferðamenn draga úr útgjöldum

Meðaltalsaukning erlendrar kortaveltu síðustu tólf mánaða var um 56% og því er 27,5% hækkun í febrúar töluvert undir því meðaltali. Þegar horft er til meðaltalskortaveltu á hvern erlendan ferðamann minnkaði hún um 13,4% frá febrúar í fyrra.

Dæmi um útgjaldalið þar sem kortavelta dróst saman á hvern ferðamann er verslun. Hver ferðamaður varði í febrúar 25% lægri upphæð til kaupa í fataverslun en fyrir ári síðan. Þar er fyrst og fremst um að ræða íslenskan útivistafatnað. Einu tegundir verslana þar sem aukning var í veltu á hvern erlendan ferðamann voru tollfrjáls verslun og dagvöruverslun. Ætla má að erlendir ferðamenn færi í auknum mæli kaup sín á mat og drykkjarvöru frá veitingahúsum til verslana með hækkandi verðlagi en forðist kaup í dýrari sérvöruverslunum eins og á íslenskum útivistarfatnaði.

Innlend verðhækkun á gistingu og veitingahúsum

Minnkandi kortaveltu á hvern erlendan ferðamann má að mestu rekja til styrkingar íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Auk gengisþróunar var verð á gistingu 9,5% hærra, í íslenskum krónum, í febrúar miðað við sama mánuði í fyrra samkvæmt verðmælingu Hagstofunnar. Samkvæmt sömu mælingu hækkaði verð á innlendum pakkaferðum um 12,8% á milli ára og verð á veitingahúsum hækkaði um 4,6%. Verð á flugfargjöldum fer hins vegar lækkandi. Þannig lækkaði verð á flugferðum innanlands um 10,6%.

Heildarvelta útlendinga áfram uppávið

Þrátt fyrir að dreigið hafi úr vexti á erlendri kortaveltu hér á landi miðað við þann mikla vöxt sem verið hefur síðustu misseri og hver ferðamaður eyði minna en

áður var, geta ferðaþjónustuaðilar vel við unað því fjölgun ferðamanna vegur upp hin óhagstæðu áhrif gengis og verðlags. Ferðamenn greiddu í heildina með kortum sínum í febrúar liðlega þrjá milljarða kr. fyrir gistingu sem er um 36% hærri upphæð en í febrúar í fyrra. Þá nam erlend kortavelta í ýmsa ferðaþjónustu, sem aðallega eru innlendir ferðaskipuleggjendur, 2,8 milljörðum en það er 24% hækkun frá febrúar í fyrra.

<i>febrúar</i>	2016	2017	12 mán. Breyting	- á mann
	<i>(millj. kr.)</i>	<i>(millj. kr.)</i>	<i>(%)</i>	<i>(%)</i>
Alls	13.144	16.764	27,5	-13,4
1 Gistþjónusta	2.234	3.031	35,7	-7,9
2 Veitingaþjónusta	1.206	1.610	33,5	-9,4
3 Farþegaflutningar	2.921	3.756	28,6	-12,7
4 Ýmis ferðaþjónusta	2.247	2.776	23,5	-16,1
5 Bensín, viðgerðir og viðhald bifreiða	276	478	73,0	17,5
6 Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	969	1.256	29,6	-12,0
7 Menningar-, afþreyingar og tómstundastarfsemi	259	317	22,3	-17,0
8 Ýmis önnur þjónusta	773	872	12,7	-23,5
9 Verslun	1.412	1.779	26,0	-14,4
10 Opinber gjöld o.fl.	9	13	43,7	-2,4
20 Úttektir á reiðufé	837	876	4,7	-28,9

Talngögn – flokkuð eftir útgjaldaliðum

Kortavelta eftir þjóðernum

Ef miðað er við fjölda erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll greiddi hver þeirra að jafnaði með greiðslukorti sínu fyrir 113 þús. kr. í febrúar, eða um 11,6% minna en í janúar. Það er um 13,4% lægri upphæð en í sama mánuði í fyrra.


Ferðamenn frá Sviss greiddu að jafnaði hæstar fjárhæðir með greiðslukortum sínum í febrúar eða 188 þús. kr. á hvern ferðamann. Bandaríkjamenn fylgja fast á eftir og eru í öðru sæti með 186 þús. kr. á hvern ferðamann. Kanadamenn koma þar næst með 170 þús. kr. á mann.

Velta eftir þjóðernum ræðst meðal annars af því hversu löng dvölin hér á landi er og hvort greitt hafi verið fyrir ferðina áður en komið er til landsins auk þess sem mismunandi er í hve miklum mæli ferðamenn greiða með greiðslukortum. Þá þarf að hafa í huga að tölur um fjölda ferðamanna um Keflavíkurflugvöll ná ekki til allra þeirra sem koma til landsins.

Í því talnaefni sem Rannsóknasetur verslunarinnar hefur yfir að ráða er nánar hægt að greina kortaveltu erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum og þjóðerni.

febrúar, 2017	Meðalvelta á ferðamann (þús. kr.)
Alls	113
Bandaríkin	186
Bretland	63
Danmörk	152
Finnland	115
Frakkland	114
Holland	128
Ítalía	77
Japan	40
Kanada	170
Kína	65
Noregur	158
Pólland	26
Rússland	140
Spánn	88
Sviss	188
Svíþjóð	116
Þýskaland	113
Önnur lönd	138

Greiðslukortavelta á hvern erlendan ferðamann eftir mánuðum



Um kortaveltu ferðamanna

Rannsóknasetur verslunarinnar birtir mánaðarlega tölur um greiðslukortaveltu ferðamanna sundurliðaða eftir útgjaldaliðum og útgáfulandi korta. Gögnunum er enn fremur skipt eftir því hvort um er að ræða erlend eða innlend greiðslukort. Gögnin innihalda færslur bæði debet- og kreditkorta. Birtar eru upphæðir í íslenskum krónum ásamt hlutfallsbreytingum frá fyrri mánuði og sama mánuði fyrra árs.

Gögnin eru fengin frá innlendum færsluhirðingaraðilum, sundurliðuð eftir svonefndum MCC kóðum. MCC kóðarnir eru aftur greindir í flokka eftir því hvernig þeir eru taldir tengjast mismunandi greinum ferðaþjónustu. Gögnin lýsa kortaveltu eftir kauptímabilum (almanaksmánuðum) en ekki eftir uppgjörstímabilum.

Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson, arni@bifrost.is eða í síma 868-4341.